

GJALDSKRÁ**vegna hundahalds á Hvolsvelli fyrir árið 1991.**

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund á Hvolsvelli, sbr. 2. gr. b. stl. samþykktar um hundahald á Hvolsvelli nr. 261/1985, skal vera kr. 4 000, á árinu 1991. Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. júlí 1991.

2. gr.

Handsömunargjald, sem skal innheimt eftir aðvörun, er sem hér segir:

Í fyrsta sinn kr. 3 000.

Í annað sinn kr. 6 000.

Í þriðja sinn fellur leyfi til að halda hund úr gildi.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum skv. gjaldskrá þessari fer skv. almennum reglum.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hvolhrepps skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, staðfestist með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. maí 1991.

Sighvatur Björgvinsson.*Ingimar Sigurðsson.*

6. júní 1991

Nr. 271

GJALDSKRÁ**fyrir hundahald í Borgarnesi 1991.**

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund sbr. staflíð c. í 2. gr. samþykktar um hundahald í Borgarnesi, dags. 3. júní 1991 skal á árinu 1991 vera kr. 6 500,00 fyrir allt árið eða hluta úr ári.

Gjalddagi er 1. mars og eindagi 1. júlí.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið eigi greitt í síðasta lagi á eindaga.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 6. gr. samþykktar um hundahald í Borgarnesi skal vera kr. 5 000,00 auk þess sem greiða skal kr. 500,00 í gjald fyrir hvern dag sem hundurinn er í haldi.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Borgarness skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. júní 1991.

Sighvatur Björgvinsson.*Ingimar Sigurðsson.*